

## 12. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

### kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

2. september 2020 kl. 16.00

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Jón Bjarnason (D og óháðir) og Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Edda Arndal, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

Vegna samkomutakmarkana fór fundurinn fór fram í gegnum fjarfundarbúnað.

#### DAGSKRÁ:

1. Covid-19, breyting á skóladagatali og réttir
2. Erindi til Skólanefndar frá foreldraráði leikskólans dags. 24. ágúst sl.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Undralands fyrir 2020

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

#### 1. Covid-19, breyting á skóladagatali og réttir

Formaður fór yfir stöðu mála og lagði fram til kynningar reglur frá landbúnaðarnefnd vegna Hrunaréttar 2020. Ljóst er að Hrunaréttir verða ekki haldnar með hefðbundnum hætti í ár vegna Covid-19 og hefur landbúnaðarnefnd lagt fram áðurnefndar reglur um fyrirkomulag réttarstarfa í ár þar sem m.a. kemur fram að öllum öðrum en þeim sem eiga beina hagsmuni af réttarstörfum, er meinaður aðgangur réttunum og að taka á móti safninu.

Það er því ljóst að Hrunaréttir verða aðeins mannaðar þeim sem eiga þar erindi vegna starfa sinna og því enginn almenningur á ferð. Í því ljósi kemur upp sú umræða hvort ekki sé rétt að gera breytingu á dagatali skólans á þann veg að leikskólinn verði opinn, líkt og venjubundið er á föstudögum.

Leikskólastjóri fór yfir stöðu mála innan leikskólans þennan dag. Í máli hennar kom fram að kannað verður hve mörg börn koma til með að koma vera í skólanum þennan dag og verður mönnun leyst miðað við það.

Skólanefnd þakkar fyrir jákvæð viðbrögð starfsfólks leikskólans og leggur því til að dagatali leikskólans verði breytt á þann veg að föstudaginn 11. september n.k. verði hann opinn með venjubundum hætti, eins og aðra föstudaga. Rökin fyrir breytingunni eru einkum þær að foreldrar barna eru flestir í vinnu og reikna eflaust með að þessi þjónusta sé til staðar, auk þess sem Flúðaskóli verður með venjubunda kennslu þennan sama dag. Þessi ráðstöfun er m.a. gerð til að halda samfellu í skóladegi barnanna og er í anda gildandi sóttvarnartilmæla.

## **2. Erindi til Skólanefndar frá foreldraráði leikskólans dags. 24. ágúst sl.**

Formaður fór yfir erindið. Þar er rætt um gildandi sóttvarnir vegna komu foreldra inn á leikskólann með börn sín, rafræna könnun meðal foreldra vegna hugmynda um lengri opnunartíma leikskólans (15 mín) og breytingar á leikskólaráði.

Varðandi sóttvarnir leikskólans er samþykkt að leikskólastjóri, í samráði við foreldraráðið, leiti lausna á því að foreldrar geti fylgt börnum sínum inn í skólahúsnæðið og þá í samræmi við gildandi sóttvarnareglur, hverju sinni.

Tekið hefur verið á mótí börnum og foreldrum við inngang skólans og það hefur skilað góðum samtölum við foreldra, þar sem auðvelt hefur verið að viðhalda 2 metra reglu. Einnig hafa almennar sóttvarnir verið auknar innan veggja skólans.

Varðandi könnunina þakkar skólanefnd fyrir ábendinguna og er formanni falið að vinna málið áfram í samráði við leikskólastjóra.

Breytingar eru á leikskólaráði eru á þann veg að Sigfrid Lárusdóttir er hætt störfum og mun Sigríður Steinunn Einarsdóttir koma inn í stað hennar. Edda Arndal og Maja Vilstrup muna halda áfram störfum.

## **3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun Undralands fyrir 2020**

Formaður lagði fram til kynningar minnisblað sveitarstjóra vegna endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar leikskólans fyrir 2020. Þar kemur fram að gera þarf viðauka til hækkunar á kostnaði í fjárhagsáætlun leikskólans, alls 6.000.000 kr., einkum vegna afturvirkra áhrifa kjarasamninga, veikindalauna og leiðréttinga vegna starfsmats. Á mótí kemur að hætt verður við vöru- og þjónustukaup fyrir leikskólann, alls að upphæð 5.000.000 kr., m.a. vegna nýs loftræstiskerfis í húsnæði skólans. Ráðist hefur verið í aðrar aðgerðir til að bæta loftgæði í húsinu eins og virkja aftur opnalega glugga í öllum deildum leikskólans með rafdrifnum hætti og betri stýringu á hitastigi í húsnæðinu.

Næsti fundur ákveðinn síðar. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.40.